

Minnisblað

Efni: Minnisblað fyrir bæjarráðsfund 7. febrúar 2017 vegna fyrirspurnar um *Frístundaþjónustu, tilfærslu*.

Á 3456. fundi bæjarráðs þann 26. janúar s.l. lögðu fulltrúar Samfylkingar fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Hefur einhver starfsemi flust frá fræðslu- og frístundaþjónustu til fjölskylduþjónustu á síðustu 3 mánuðum, eða eru áætlanir um slíka tilfærslu?“

Ef svo er, hvaða starfsemi er um að ræða og hvernig var staðið að ákvörðunum um tilfærslu hennar?“

Svar:

Frá og með áramótunum 2016-2017 var starfsemi Hússins og Klettsins flutt frá Fræðslu- og frístundaþjónustu til Fjölskylduþjónustu. Ákvörðunin um tilfærsluna var tekin á sviðsstjórafundi þann 9. janúar sl.

Í Húsinu er eftirfarandi starfssemi.

- Vinaskjól; lengd viðvera fyrir fatlaða framhaldsskólanema. Er starfandi eftir hádegi.
- Verkherinn; starfandi á sumrin og er atvinnuúrræði fyrir fatlaða nemendur á framhaldsskólaaldri.
- Geitungarnir; atvinnuúrræði fyrir ungt fatlað fólk sem lokið hefur námi. Geitungarnir eru starfandi á morgnanna.
- Ýmis forvarnarstarfssemi er í Húsinu eftir kl. 17 á daginn. Um er að ræða hópastarf fyrir ungt fólk sem þarf ýmiss konar stuðning.

Í Klettinum er lengd viðvera fyrir nema á aldrinum 10-16 ára. Ákveðin skörun er milli starfseminnar í þessum tveimur úrræðum s.s. með starfsmannahald.

Við skipulagsbreytingar sumarið 2015 færðist starfsemi Hússins og Klettsins með íþrótt- og tólmstundaþjónustunni til Fræðslu- og frístundaþjónustu. Frá þeim tíma hefur Húsið enn frekar þróast í þá átt að þjónusta fatlaða einstaklinga og má nefna í því sambandi tilkomu Geitunga sem fóru af stað haustið 2015.

Nú er svo komið að í Húsinu er nær eingöngu verið að þjónusta fötluð ungmenni en málaflokkur fatlaðs fólks heyrir undir Fjölskylduþjónustuna. Í Klettinum eru börn og ungmenni sem þurfa mörg hver sérhæfðan stuðning. Öll þróun og framtíðarsýn í málaflokknum heyrir undir Fjölskylduþjónustu en starfsmannahald Hússins og Klettsins hefur heyrt undir Fræðslusvið. Þetta skapar ákveðinn stjórnunarvanda. Mikilvægt er að skýra ferla hvað þetta varðar og var tekin ákvörðun um að starfsemin í Húsinu og Klettinum heyrir alfarið undir Fjölskyldusvið.

Hafnarfjörður 7. febrúar 2017